



SVEITARSTJÓRN  
DALABYGGÐAR

Úr dagbók sveitarstjóra,  
framlagt á 231. fundi þann

9. febrúar 2023

- Vinna við uppgjör á rekstri Dalabyggðar fyrir árið 2022 er í fullum gangi og er reiknað með að hægt verði að kynna drög að ársreikningi á fundi byggðarráðs þann 23. febrúar n.k. og að fyrri umræða í sveitarstjórn fari fram þann 9. mars, á 232. fundi sveitarstjórnar.
- Útsending fasteignagjalda og annarra gjalda þeim tengdum fór fram s.l. föstudag, sjá frétt á heimasíðu okkar þess efnis þar sem fram koma hinar ýmsu forsendur sem að baki liggja.





- Framkvæmdir við endurbætur á skrifstofuhúsnæði Dalabyggðar og Nýsköpunarseturs á jarðhæð héldu áfram og sér nú fyrir endann á þeim að sinni. Ég vil þakka samstarfsfólki mínu fyrir þá jákvæðni og virkni sem það hefur sýnt í verki í tengslum við framkvæmdirnar sem og það langlundar geð sem þau hafa sýnt meðan á framkvæmdum hefur staðið. Það er von mín að þessar framkvæmdir skili sér í betra starfsumhverfi og einnig að aðsókn að Nýsköpunarsetri okkar aukist nú þegar aðstaðan hefur batnað.



- Starfsmannafundur var haldinn í Silfurtúni þann 19. janúar s.l. þar sem farið var yfir starfsemina og Kristín G. Arnardóttir hjúkrunarfræðingur kynnt fyrir starfsfólkinu en hún hefur tekið við hlutverki Ástu Sigurðardóttur sem verkefnastjóri faglegrar starfsemi heimilisins. Einnig höfum við átt samtál við fulltrúa Rauða Krossins hér í Dölum hvað varðar möguleikann á því að Rauði Krossinn hlutist til um að finna heimsóknarvini fyrir einstaka heimilismenn í Silfurtúni. Auglýst hefur verið eftir umsóknum í Framkvæmdasjóð aldraðra. Fyrirhugað hefur verið að sækja um stuðning við lagfæringar á tveimur herbergjum líkt og s.l. ár, það þarf mögulega að íhuga í ljósi þess að mjög er orðið aðkallandi að fara í viðgerðir á þaki á hluta hússins auk þess sem komið er að endurnýjun á vakt/bjöllukerfi á heimilinu, það liggur fyrir að stjórn Silfurtúns þarf að taka afstöðu til þess hvar áherslur eigi að liggja en umsóknarfrestur er til 6. mars. Og að endingu þá liggur nú fyrir lokaútgáfa af úttektarskýrslu sem Embætti landlæknis vann varðandi starfsemi Silfurtúns, mun nú verða farið í að vinna í þeim úrbótum sem Embættið leggur til.

- Undirritaður átti fund með verkefnastjórum verkefnisins Bjartur lífsstíll þann 23. janúar s.l. Bjartur lífsstíll er samstarfsverkefni Landssambands eldri borgara og Íþróttá- og olympíusambands Íslands. Þetta er spennandi verkefni sem býður upp á sannkallaða verkfærakistu fyrir samfélög til að nota til þess að hvetja til aukinnar hreyfingar þeirra sem komnir eru á efri ár og væri gaman ef við í Dalabyggð gætum nýtt eitthvað af þeim verkfærum sem þarna er boðið upp á.



- Framkvæmdir á vegum Bakkahvamms hses. þar sem í byggingu er þriggja íbúða raðhús hafa lengst af gengið vel af hálfu verktaka. Aðeins hefur orðið hikst, því miður, á ýmsum tengiverkefnum og gatnaframkvæmdir fóru full seint af stað s.l. haust þannig að veturinn hefur sett strik í reikninginn. Vonandi tefur það ekki verkið mikið þegar upp er staðið. Okkur vantar húsnæði og vonandi fara fleiri verkefni í gang með vorinu. Annars er það einnig að fréttu af Bakkahvammur hses. sem hefur verið á forræði Dalabyggðar er á leiðinni inn í Brák hses. sem er húsnæðissjálfsseignarstofnun þar sem sveitarfélög á landsbyggðinni sameinast um það félag í þeim tilgangi að ná fram stærðarhagkvæmni sem næst síður í litlum hses. félögum, líkt og Bakkahvammur er.





- Fulltrúar Vegagerðarinnar komu á fund byggðarráðs þann 26. janúar og var farið vítt og breytt í umræðum um verkefni þau sem Vegagerðin er með á sinni könnu. Farið var yfir stöðu á útboðum á verkum sem eru á áætlun, rætt um styrk- og tengivegi og vegakerfið í heild sinni og uppbyggingu þess. Einnig var rætt um nauðsyn þess að bæta úr stöðunni hvað varðar hraðalækkandi aðgerðir við innkomu í Búðardal úr báðum áttum og einnig um girðingar meðfram vegum, uppsetningu ræsa og einbreiðar brýr svo stiklað sé á stóru. Virkt samtal okkar í Dalabyggð við fulltrúa Vegagerðarinnar skiptir miklu máli því það felast tækifæri í því að snúa bókum saman með þeim í samskiptum við fjárveitingavaldið t.a.m.

- Unnið var áfram að lokafrágangi Aðalskipulags Dalabyggðar 2020 – 2032 en umhverfis- og skipulagsnefnd óskaði eftir á síðasta fundi sínum svigrúmi til að fara betur yfir þau atriði sem bætt var inn í skipulagstillöguna í aðdraganda sveitarstjórnarfundar þann 12. janúar s.l. Þær breytingar snúa að ýmsum lagfæringum sem teljast minniháttar og því þarf ekki að auglýsa skipulagið aftur. Þetta ferli við vinnu aðalskipulags Dalabyggðar sem gilda á árinu 2020 til 2032 hefur verið langt og strangt á stundum og ýmsir komið að því með einum eða öðrum hætti. Vonandi náum við að klára þessa vinnu á marsfundi sveitarstjórnar og þá í kjölfarið sent til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun.







- Talandi um skipulagsmál þá hefur sameiginlegur skipulagsfulltrúi Dala, Reykhóla og Stranda, Arwa Alfadhli, látið af störfum að eigin ósk, hennar síðasti starfsdagur var þann 31. janúar. Sveitarfélögin sem standa að þessu sameiginlega verkefni, skipulags- og byggingarmálum, hafa samþykkt að áður en auglýst verður eftir nýjum skipulagsfulltrúa að farið verði í naflaskoðun á því hvernig að rekstri þessa málaflokks verði best staðar, m.t.t. skilvirkni, utanumhald og starfsumhverfi þeirra sem í málaflokknum starfa. Leitað hefur verið til fjögurra fyrirtækja sem starfa í þessum geira og kallað eftir verðum í tvíþætta þjónustu, annars vegar aðstoð við að setja upp skipulag þessa og hins vegar að sjá um verkefni skipulagsfulltrúa tímabundið. Við vonumst til að í næstu viku liggi fyrir hver tekur þessi verkefni að sér.

- Fleira varðandi sameiginleg verkefni og samþættingu með nágrönnum okkar í Reykhólahreppi og Ströndum. Nú styttist í að erindi okkar um aukið samstarf í félagsmálum verði tekið fyrir hjá félagsþjónustu Stranda og Reykhóla. Inn í það verkefni tengjast almenn félagsþjónustumál og einnig ef allt gengur eftir bakland barnaverndarþjónustu og fötlunarmála. Stefnt er að fundi Félagsmálanefnd Dalabyggðar í næstu viku og þar verða næstu skref ákvörðuð frekar að höfðu samráði við fagnefndina okkar í málaflokknum. Meðan þessi vinna á sér stað þá höfum við gert samkomulag við Borgarbyggð um að starfsmenn þaðan haldi utan um barnaverndar- og fötlunarmál líkt og verið hefur undanfarin ár, er þar um tímabundna framlengingu á samningi að ræða hvað fyrrgreinda málaflokka varðar.





- Undirritaður, ásamt öðrum starfsmönnum Dalabyggðar, sat fund í vikunni ásamt fulltrúum annarra sveitarfélaga á Vesturlandi með Sorpurðun Vesturlands þar sem farið var yfir stöðu mála hvað varðar móttöku og meðhöndlun dýrahæja. Umfjöllun um það mál ásamt öðrum úrgangsmálum var í sjónvarpsþættinum Kveik fyrir stuttu. Niðurstaða fundarins var að fá SSV til að halda utan um samtal sveitarfélaganna, með aðkomu Sorpurðunar Vesturlands, um það hvernig rétt sé að taka næstu skref í tengslum við þetta viðkvæma viðfangsefni sem urðun og eyðing dýrahæja er.

- Samtal við Eykt varðandi íþróttamannvirki hefur haldið áfram og átti undirritaður ásamt formanni byggðarráðs fund með fulltrúa fyrirtækisins fyrir stuttu og á þeim fundi voru einnig hönnuðir þeir sem sáu um vinnuna í aðdraganda alútboðs s.l. vor. Við erum bjartsýnir á að mál skýrist á allra næstu dögum hvað þetta mikilvæga verkefni varðar.
- Undirritaður ásamt formanni fræðslunefndar átti fund með forsvarsfólki félaga sem starfsrækt eru í tengslum við íþrótt- og tómstundastarf í Dalabyggð fyrir stuttu og umræðuefnið var hvernig réttast væri að standa að kraftmiklu sumarstarfi fyrir börn og ungmenni næsta sumar. Góðar umræður spunnust á fundinum og munum við hittast aftur þann 15. febrúar.





- Undirritaður ásamt verkefnastjóra átti fund með forsvarsmönnum Rafdala ehf. sem er nýtt fyrirtæki hér í Dalabyggð fyrir stuttu. Ahugavert var að heyra af áformum fyrirtækisins og vilja þeirra til að byggja upp starfsemina hér í Dölum.
- Undirritaður fór í heimsókn til Baldurs í Birgisás ehf. sem er með starfsemi hér niður í gamla sláturhúsinu í Búðardal. Þar var verið að pakka miklu magni af laxi í gríð og erg og hefur einnig fyrirtækið uppi spennandi áform um nýtingu sjárvarfangs héðan úr firðinum okkar góða. Öll svona áform styrkja atvinnulífið hér í Dölum og auka fjölbreytni.

- Í undirbúningi er verðkönnun á grasslætti þeim sem Dalabyggð sér um. Stefnt er að því að leggja verðkönnunargögn fyrir næsta fund byggðarráðs.
- Undirritaður átti fund með lögreglustjóranum á Vesturlandi fyrr í dag varðandi húsnæðismál lögreglunnar hér í Búðardal og önnur mál er varða löggæslu á svæðinu. Áhugavert var að heyra sjónarmið lögreglustjóra á aðstöðuna hér og eins vilja hans til að byggja upp starfsemina hér og mun verða framhald á samtali okkar og samvinnu í þeim tilgangi að stuða að uppbyggingu á starfseminni hér í Búðardal.



Það eru margþætt viðfangsefni hjá okkur í Dalabyggð og er hér aðeins stiklað á stóru, alls ekki er hægt að tæpa á öllu því sem inn á borð okkar starfsmanna Dalabyggðar kemur. Margt er háð trúnaði sem ber að virða.

Við gerum okkar besta til að miðla fréttum af því sem er á döfinni hverju sinni og af nógu er að taka sem betur fer. Verkefni eru mörg og langflest skemmtileg þannig að við horfum björtum augum fram á veginn, Dalabyggð og íbúum þessa góða samfélags til heilla.

BBÞ – 09/02/2023

